

Hampiðjan hf.

Árshlutareikningur samstæðu 31. mars 2006

Árshlutareikningur samstæðu 31. mars 2006

Efnisyfirlit:	Bls.
Áritun stjórnar og forstjóra.....	1
Áritun endurskoðenda.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé.....	5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 19

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Flatahrauni 3
Hafnarfirði

Áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2006 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var tap félagsins á tímabilinu 630 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 34.506 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 6.033 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar til mars 2006 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 24. maí 2006

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurgeir Guðmannsson

Karl Georg Sigurbjörnsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Við höfum kannað árs hlutareikning þennan fyrir samstæðu Hampiðjunnar hf. sem nær yfir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2006. Árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 21. Árs hlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því að veita umsögn um árs hlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Könnun okkar var gerð í samræmi við Alþjóðlega endurskoðunarstaðla um könnun árs hlutareikninga. Slík könnun takmarkast við fyrirspurnir til starfsmanna og greiningar á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilunum í heild. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem benti til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 31. mars 2006 og breytingu á handbæru fé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal númer 34.

Hafnarfirði, 24. maí 2006

PricewaterhouseCoopers hf.

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýringar	1.1. - 31.3 2006	1.1. - 31.3 2005
Sala		12.530	12.498
Framleiðslukostnaður		<u>(8.773)</u>	<u>(8.935)</u>
Framlegð		3.757	3.563
Aðrar tekjur (-gjöld)	5	120	420
Sölu- og markaðskostnaður		(1.360)	(1.617)
Stjórnunarkostnaður		<u>(1.202)</u>	<u>(1.248)</u>
Rekstrarhagnaður		1.315	1.118
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	(538)	41
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага	12	<u>(1.566)</u>	<u>833</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta		(789)	1.992
Tekjuskattur	8	<u>159</u>	<u>(397)</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>(630)</u>	<u>1.595</u>
Skipting hagnaðar (taps)			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		(604)	1.371
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>(26)</u>	<u>224</u>
		<u>(630)</u>	<u>1.595</u>
Hagnaður (tap) á hlut (sýndur sem EUR cent á hlut)	9	(0,13)	0,32

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýringar	31/03 2006	31/12 2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	25.725	24.407
Óefnislegar eignir	11	5.476	5.451
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	12	9.968	12.558
Fjárfestingar sem haldið er til sölu	13	723	707
Skuldabréf og langtímakröfur		3.758	3.729
Tekjuskattsinneign	18	703	549
		<u>46.353</u>	<u>47.401</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	14	18.665	20.003
Viðskiptakröfur	15	10.352	11.271
Aðrar skammtímakröfur		362	262
Handbært fé	16	2.345	1.994
		<u>31.724</u>	<u>33.530</u>
Eignir samtals		<u>78.077</u>	<u>80.931</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.568	5.568
Yfirverðsreikningur hlutafjár		696	696
Aðrir varasjóðir		66	397
Óráðstafað eigið fé		22.143	23.586
		<u>28.473</u>	<u>30.247</u>
Hlutdeild minnihluta		6.033	6.142
Eigið fé samtals		<u>34.506</u>	<u>36.389</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	17	17.349	18.520
Tekjuskattsskuldbinding	18	3.296	3.590
		<u>20.645</u>	<u>22.110</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		7.578	8.937
Skuldir við lánastofnanir	17	15.348	13.495
		<u>22.926</u>	<u>22.432</u>
Skuldir samtals		43.571	44.542
Eigið fé og skuldir samtals		<u>78.077</u>	<u>80.931</u>

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2005	5.568	696	150	19.760	5.691	31.865
Áhrif hlutdeildarféлага				606		606
Þýðingarmunur			(4)		(3)	(7)
Hagnaður janúar til mars 2005				1.371	224	1.595
Staða 31. mars 2005 / 1. apríl 2005	5.568	696	146	21.737	5.912	34.059
Arður til hluthafa				(748)		(748)
Þýðingarmunur			251		102	353
Áhrif hlutdeildarféлага				529		529
Keypt af minnihluta					(309)	(309)
Hagnaður apríl til desember 2005				2.068	437	2.505
Staða 31. desember 2005 / 1. janúar 2006	5.568	696	397	23.586	6.142	36.389
Þýðingarmunur			(331)		(83)	(414)
Áhrif hlutdeildarféлага				(840)		(840)
Hagnaður janúar til mars 2006				(603)	(26)	(629)
Staða 31. mars 2006	<u>5.568</u>	<u>696</u>	<u>66</u>	<u>22.143</u>	<u>6.033</u>	<u>34.506</u>

Sjóðstreymi

	Skýringar	1.1. - 31.3 2006	1.1. - 31.3 2005
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		1.315	1.118
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		388	451
Hagnaður fyrir fjárliði (Ebidta)		1.703	1.569
Söluhagnaður (-tap) varanlegra rekstrarfjármuna		(120)	(40)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		611	(548)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.194	981
Innborgaðir vextir og arður.....		26	34
Greiddir vextir.....		(332)	(427)
Greiddir skattar.....		(73)	(46)
Handbært fé frá rekstri		1.815	542
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna	10	(1.954)	3.846
Kaup óefnislegra eigna	11	(121)	0
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		0	(302)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		33	(366)
Handbært fé til fjárfestinga		(2.042)	3.178
Fjármögnunahreyfingar			
Skammtímalán, breyting		2.173	771
Langtímalán, breyting		(1.595)	(2.662)
Handbært fé frá fjármögnun		578	(1.891)
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs.....		1.994	1.124
Handbært fé í lok tímabilsins		2.345	2.953

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði.

Félagið er skráð á aðallista í Kauphöll Íslands.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 24. maí 2006.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Reikningsskilareglur sem samþykktar hafa verið af EB víkja frá alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í nokkrum þáttum sem munu þó hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar í framtíðinni.

Árshlutareikningurinn var gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, eins og henni hefur verið breytt með endurmati fasteigna, fjárfestinga sem haldið er til sölu og fjáreigna á gangverði (þ.m.t. afleiðugerninga) sem fært er í rekstrarreikning.

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 4.

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Litið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yferráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yferráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefina eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Skýringar

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig felld niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru allar rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða töpum hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í töpum hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari töp nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfspáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfspátt.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok tímabilsins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðillinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á árslokagengi
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi tímabilsins,
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár.

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á árslokagengi.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, iðnaðarhúsnæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Skýringar

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-50 ár
Skrifstofubúnaður og áhöld	3-5 ár
Einkaleyfi	16-20 ár
Hugbúnaður	5-10 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er fært niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtækis dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er lúta að nýtingu þanorku í veiðarfærum þegar þau eru dregin í sjó. Einkaleyfi er fært á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

Skýringar

2.8 Fjárfestingar

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í kröfur og fjáreignir sem haldið er til sölu. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega.

(a) Kröfur

Kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði og ekki stendur til að selja þær. Þær eru meðal veltufjármuna nema samið sé um gjalddaga sem er síðar en 12 mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings. Kröfur eru innifaldar meðal viðskiptakrafna og fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi.

(b) Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar haldið til sölu eru ekki afleiður og hafa ekki verið skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar meðal fastafjármuna nema stjórnendur ætli sér að selja þær innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Fjárfestingar til sölu eru eftir það bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út úr efnahagsreikningi þegar réttindi til sjóðstreymis þeirra eru útrunnin eða þegar samstæðan hefur flutt áhættu og ávinning af fjárfestingunni. Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingar til sölu er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkón fyrir vilnun sem eru sérsniðin til að endurspeglja sérstakar aðstæður útgefandans.

Á sérhverri dagsetningu efnahagsreiknings metur samstæðan hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað í virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðmæti bréfanna hafi lækkað. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlægt úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunartöp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samanstanda af netum, köðlum, járnavörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

Skýringar

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innfelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttekið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lántaka er flokuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

– það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum, er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

Skýringar

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádrögnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð.

(b) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádrögnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu (að frádrögnum öllum hvatagreiðslum mótteknum frá leigusala) eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmis konar fjárhagsáhættu, þar með talið gjaldmiðlaáhættu, greiðsluhæfisáhættu og vaxtaáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hlíðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Skýringar

5. Aðrar tekjur (-gjöld)	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Aðrar tekjur (-gjöld) greinast þannig:		
Hagnaður vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna og byggingaréttar	120	420
	<u> </u>	<u> </u>
6. Laun og launatengd gjöld		
Starfsmannamál	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	2.717	3.386
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	507	586
	<u>3.224</u>	<u>3.972</u>
Fjöldi starfsmanna á tímabilinu	530	556
Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.		
Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Framleiðslukostnaður	1.885	2.380
Sölu- og markaðskostnaður	812	905
Stjórnunarkostnaður	527	687
	<u>3.224</u>	<u>3.972</u>
7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Vaxtatekjur	26	21
Vaxtagjöld	(328)	(264)
Gengismunur	(236)	242
Söluhagnaður(-tap) og niðurfærsla hlutabréfa, fenginn arður	0	42
	<u>(538)</u>	<u>41</u>
8. Tekjuskattur	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Tekjuskattur til greiðslu	70	184
Frestaður tekjuskattur (Skýring 18)	(229)	213
	<u>(159)</u>	<u>397</u>

Skýringar

9. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vagnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á tímabilinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2006 1.1. - 31.3	2005 1.1. - 31.3
(Tap) hagnaður á tímabilinu (þúsundir evra)	(630)	1.595
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	499.792	499.792
 (Tap) hagnaður á hlut (EUR cent)	<u>(0,13)</u>	<u>0,32</u>

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 208 þúsund, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á tímabilinu.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Miðað við 1. janúar 2005			
Kostnaðarverð	16.747	19.286	36.033
Uppsafnaðar afskriftir	(3.130)	(10.201)	(13.331)
Bókfært verð	<u>13.617</u>	<u>9.085</u>	<u>22.702</u>
Þrjú mánuðir janúar til mars 2005			
Bókfært verð í 1. janúar 2005	13.617	9.085	22.702
Gengismunir	55	59	114
Viðbætur	13	1.824	1.837
Sala	0	(1.411)	(1.411)
Afskriftir	(72)	(318)	(390)
Bókfært verð 31. mars 2005	<u>13.613</u>	<u>9.239</u>	<u>22.852</u>
Miðað við 1. apríl 2005			
Kostnaðarverð	16.895	18.024	34.919
Uppsafnaðar afskriftir	(3.282)	(8.785)	(12.067)
Bókfært verð	<u>13.613</u>	<u>9.239</u>	<u>22.852</u>
Níu mánuðir apríl til desember 2005			
Bókfært verð í 1. apríl 2005	13.613	9.239	22.852
Gengismunir	159	73	232
Viðbætur	1.758	2.227	3.985
Sala	(608)	(970)	(1.578)
Afskriftir	(217)	(867)	(1.084)
Bókfært verð 31. desember 2005	<u>14.705</u>	<u>9.702</u>	<u>24.407</u>
Miðað við 1. janúar 2006			
Kostnaðarverð	17.719	15.600	33.319
Uppsafnaðar afskriftir	(3.015)	(5.897)	(8.912)
Bókfært verð	<u>14.704</u>	<u>9.703</u>	<u>24.407</u>

Skýringar

Þrjú mánuðir janúar til mars 2006

Bókfært verð í byrjun árs	14.704	9.703	24.407
Gengismunir	(283)	(133)	(416)
Viðbætur	1.921	246	2.167
Sala	(101)	(10)	(111)
Afskriftir	(64)	(258)	(322)
Bókfært verð 31. mars 2006	<u>16.177</u>	<u>9.548</u>	<u>25.725</u>

Staða 31. mars 2006

Kostnaðarverð	18.843	15.481	34.324
Uppsafnaðar afskriftir	<u>(2.666)</u>	<u>(5.933)</u>	<u>(8.599)</u>
Bókfært verð 31. mars 2006	<u>16.177</u>	<u>9.548</u>	<u>25.725</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Framleiðslukostnaður	230	265
Sölu- og markaðskostnaður	46	55
Stjórnunarkostnaður	46	70
	<u>322</u>	<u>390</u>

11. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hug- búnaður	Samtals
Miðað við 1. janúar 2005				
Kostnaðarverð	2.547	2.757	658	5.962
Uppsafnaðar afskriftir	<u>(229)</u>	<u>(125)</u>	<u>(170)</u>	<u>(524)</u>
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.632</u>	<u>488</u>	<u>5.438</u>
Þrjú mánuðir janúar til mars 2005				
Bókfært verð í 1. janúar 2005	2.318	2.632	488	5.438
Gengismunir	0	10	3	13
Viðbætur	0	0	93	93
Afskriftir	0	(41)	(20)	(61)
Bókfært verð 31. mars 2005	<u>2.318</u>	<u>2.601</u>	<u>564</u>	<u>5.483</u>
Miðað við 1. apríl 2005				
Kostnaðarverð	2.547	2.767	756	6.070
Uppsafnaðar afskriftir	<u>(229)</u>	<u>(166)</u>	<u>(192)</u>	<u>(587)</u>
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.601</u>	<u>564</u>	<u>5.483</u>
Níu mánuðir apríl til desember 2005				
Bókfært verð í 1. apríl 2005	2.318	2.601	564	5.483
Gengismunir	0	10	3	13
Viðbætur	0	0	160	160
Afskriftir	0	(122)	(83)	(205)
Bókfært verð 31. desember 2005	<u>2.318</u>	<u>2.489</u>	<u>644</u>	<u>5.451</u>
Miðað við 1. janúar 2006				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	921	6.245
Uppsafnaðar afskriftir	<u>(229)</u>	<u>(288)</u>	<u>(277)</u>	<u>(794)</u>
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.489</u>	<u>644</u>	<u>5.451</u>

Skýringar

Þrjú mánuðir janúar til mars 2006

Bókfært verð í byrjun árs	2.318	2.489	644	5.451
Gengismunir	0	(23)	(7)	(30)
Viðbætur	0	0	121	121
Afskriftir	0	(38)	(28)	(66)
Bókfært verð 31. mars 2006	<u>2.318</u>	<u>2.428</u>	<u>730</u>	<u>5.476</u>

Staða 31. mars 2006

Kostnaðarverð	2.547	2.753	1.027	6.327
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(325)	(297)	(851)
Bókfært verð 31. mars 2006	<u>2.318</u>	<u>2.428</u>	<u>730</u>	<u>5.476</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2006	2005
	1.1. - 31.3	1.1. - 31.3
Framleiðslukostnaður	30	29
Sölu- og markaðskostnaður	28	26
Stjórnunarkostnaður	8	6
	<u>66</u>	<u>61</u>

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Í þessum útreikningum eru notaðar sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum stjórnenda og ná yfir fimm ára tímabil. Sjóðstreymi sem nær til lengri tíma en fimm ára er framreiknað með áætluðum vaxtarhraða (2,5%), framlegð (28-30%) og ávöxtunarkröfu (4-8%).

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðasþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem fram koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunaruðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspeglja sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2005 og 2006.

12. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í tapi	Bókfært verð
HB Grandi hf	9,38%	(1.566)	9.968

Áætlað markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar í HB Granda hf. miðað við síðasta skráða viðskiptagengi var í lok tímabilsins 21,1 milljónir evra.

Skýringar

13. Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar sem haldið er til sölu greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Net Services Shetland Ltd		439
Síldarvinnslan hf	35	175
Önnur félög		109
		<u>723</u>

14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	31/03 2006	31/12 2005
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	15.817	17.048
Vörur í vinnslu	1.030	432
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	1.818	2.523
	<u>18.665</u>	<u>20.003</u>

15. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31/03 2006	31/12 2005
Viðskiptakröfur	10.880	11.894
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(528)	(623)
	<u>10.352</u>	<u>11.271</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 528 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2006 1.1. - 31.3	2005 1.1. - 31.3
Niðurfærsla í byrjun árs	623	604
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(7)	(273)
Breyting niðurfærslu á árinu	(88)	292
	<u>528</u>	<u>676</u>

16. Handbært fé

	31/03 2006	31/12 2005
Handbært fé í banka sem reiðufé	2.345	1.994

17. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	18.955
Skuldir í íslenskum krónum	631
	<u>19.586</u>

Skýringar

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:

ISK	3,2%	631
EUR	77,4%	15.150
CAD	0,5%	89
CHF	5,9%	1.161
JPY	3,3%	644
DKK	9,8%	1.911
	<u>100%</u>	<u>19.586</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Tímabilið 1. apríl 2006 - 31. mars 2007	2.237
Tímabilið 1. apríl 2007 - 31. mars 2008	2.168
Tímabilið 1. apríl 2008 - 31. mars 2009	1.662
Tímabilið 1. apríl 2009 - 31. mars 2010	1.643
Síðar	11.876
	<u>19.586</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	17.349
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda	2.237
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda	13.111
	<u>15.348</u>

18. Frestaður tekjuskattur

Breyting á frestuðum tekjuskatti á árinu greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun 2005	2.443
Tekjuskattur á tímabilinu janúar til mars 2005	397
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(184)
Tekjuskattskuldbinding 31. mars 2005	<u>2.656</u>
Tekjuskattskuldbinding 1. apríl 2005	2.656
Tekjuskattur á tímabilinu apríl til desember 2005	364
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(273)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	294
Tekjuskattskuldbinding 31. desember 2005	<u>3.041</u>
Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun 2006	3.041
Tekjuskattur á tímabilinu janúar til mars 2006	(159)
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(70)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(219)
Tekjuskattskuldbinding 31. mars 2006	<u>2.593</u>

Skýringar

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á eftirfarandi liði:	31/03 2006	31/12 2005
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.481	2.448
Eignarhlutir í félögum	751	1.061
Aðrir efnahagsliðir	64	81
Tejkuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	3.296	3.590
Yfirfæranlegt skattalegt tap, eignfærsla	(703)	(549)
	<u>2.593</u>	<u>3.041</u>

19. Vátryggingar

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartyggingar sem ætlað er að bæta tjon vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 11 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 19 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja, ásamt hug- og skrifstofubúnaðar 17 milljónum evra og vörubirgða 23 milljónum evra.

20. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005	3. ársfj. 2005	2. ársfj. 2005	1. ársfj. 2005
Rekstrartekjur	12.650	11.824	11.170	12.412	12.918
Rekstrargjöld án afskrifta	(10.947)	(9.517)	(9.833)	(10.988)	(11.349)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	<u>1.703</u>	<u>2.307</u>	<u>1.337</u>	<u>1.424</u>	<u>1.569</u>
Afskriftir	(388)	(427)	(447)	(415)	(451)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	<u>1.315</u>	<u>1.880</u>	<u>890</u>	<u>1.009</u>	<u>1.118</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.104)	(853)	396	(453)	874
Hagnaður (tap) fyrir skatta	<u>(789)</u>	<u>1.027</u>	<u>1.286</u>	<u>556</u>	<u>1.992</u>
Skattar ársins	159	(164)	(152)	(48)	(397)
Hagnaður (tap) ársfjórðunga	<u>(630)</u>	<u>863</u>	<u>1.134</u>	<u>508</u>	<u>1.595</u>

21. Yfirlit yfir dótturfélög

	Eignarhluti	Staðsetning
Hampidjan Baltic UAB	100%	Litháen
Hampidjan Danmark A/S	100%	Danmörku
Hampidjan Norge AS	100%	Noregi
Hampidjan Namibia LTD	100%	Namibíu
Hampidjan New Zealand LTD	100%	Nýja Sjálandi
Rope Net and Twine LTD	100%	Kanada
Hampidjan USA Inc	100%	Bandaríkjunum
Candis ehf.	100%	Íslandi
OTTER Ultra Low Drag LTD	100%	Cayman Island
Balmar - Fios, Lda	100%	Portúgal
Tben ehf.	90%	Íslandi
Cosmos Trawl A/S	60%	Danmörku
Swan Net Gundry LTD	50,5%	Írlandi
Fjarðanet hf.	50,4%	Íslandi